

VS Sviðslistir 4.-5. bekkur

Kennarar: Sara Gísladóttir

4, 5

Lýsing

Kennsla í sviðslistum.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Nemendur kynnast fjölbreyttum verkefnum í tónmennt og leiklist, s.s. hópleikjum, söng, hljóðfæranotkun, leikrænni tjáningu og einföldum sýningum. Verkefnin fela í sér bæði æfingar og skapandi vinnu sem byggir á hugmyndum nemenda. Nemendur fá að skapa eigin hugmyndir í hópavinnu, sem geta endað í stuttri sýningu, upptöku eða flutningi.

Námsaðlögun

Verkefnin eru lögð upp á mismunandi flækjustigi. Nemendur fá stuðning í textalæsi eða leikrænum verkefnum eftir þörfum, en nemendur sem eru lengra komnir fá að taka forystu í hópverkefnum eða prófa flóknari hljóðfæri og hlutverk.

Námsmat

Matið byggir á leiðsagnarmati og ferli. Lögð er áhersla á frumkvæði, samvinnu, sköpun og virkni. Nemendur taka þátt í sjálfsmati og fá reglulega endurgjöf á framfarir.

VS Sviðslistir yngsta stig

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.
- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.
- Tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu.
- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Greint milli staðreynda og skoðana.
- Unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfunda eða lestri lesanda.
- Lagað tjáningu sína að viðmælendum og notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni.
- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.

VS Sviðslistir yngsta stig - Dans

- Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama.

- Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara.

VS Sviðslistir yngsta stig - Leiklist

- Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi.
- Lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.
- Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum.
- Sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi.
- Sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna.
- Lýst leiknu efni á sviði og/eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu.
- Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.

VS Tónmennt fyrir yngsta stig - Tónmennt hæfniviðmið fyrir 1.- 4. bekk

- Syngi í hóp fjölbreytt sönglög og þulur.
- Þjálfí taktskyn með púls, einföldu hrynmynstri og áherslu gegnum hreyfingu.
- Geti sungið fjölbreytt lög, m.a. einföld keðjusöngslög sem gera vaxandi kröfur til söng, tækni og túlkunar.
- Átti sig á hvaða tilgangi tónlist þjónar í kvikmyndum og teiknimyndum.
- Kynnist því að búa til eigin tónlist.